

Mál nr. 306/2014
M og
V vegna ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar S.

Tjón á bifreið á Vatnsmýrarvegi 21. ágúst 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. október 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 25. nóvember 2014.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að tjón hafi orðið á bifreið M þegar henni var ekið um Vatnsmýrarveg í u-beygju við (gömlu) Hringbraut. Þegar bifreiðinni var ekið til vinstri í u-beygjuna kom sonur S, fjórtán ára, á reiðhjóli af stíg inn á Vatnsmýrarveg og kvaðst hafa þurft að snögghemla þegar bifreiðinni var ekið í u-beygjuna. Það leiddi til þess að sonur S lenti á bifreiðinni og á henni varð tjón.

M telur son S bera skaðabótaábyrgð á tjóninu á bifreið sinni þar sem M telur að hann hafi hjólað allt of hratt m.v. aðstæður og ljóslaus í myrkri inn á götu þar sem bifreið var fyrir. Með því hafi hann sýnt gáleysi og verði að bera ábyrgð á því gagnvart M.

V telur f.h. S að tjón á bifreið M sé fyrst og fremst hægt að rekja til aksturslags ökumanns bifreiðarinnar en ekki háttsemi sonar S. V vísar til ákvæða umferðarlaga nr. 50/1987 og telur að ökumaður bifreiðarinnar hafi átt að víkja vegna biðskyldu sem er á Vatnsmýrarvegi.

Álit.

Greiðsla bóta úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar er háð því að váttryggður beri skaðabótaábyrgð skv. íslenskum lögum á tjóni. Þegar litið er til gagna málsins og þess atviks sem þar er lýst verður að staðreyna hvort sýnt sé að sonur S beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið M til þess að greiddar séu bætur úr umræddri váttryggingu. Um það ber M sönnunarbyrði skv. almennum sönnunarreglum. Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðar M hafi ekið til vinstri í u-beygju á gatnamótum við stíg sem af myndum virðist vera ætlaður fyrir bæði hjólandi og gangandi vegfarendur. Ökumaður kvaðst aðspurður ekki muna hvort hann hafi gefið stefnuljós um akstursstefnu sína. Með hliðsjón af þeim aðstæðum og framburði aðila verður ekki talið sýnt að tjón á bifreið M megi rekja til saknæmrar og ólögsmætrar háttsemi sonar S. Það að koma hjólandi eftir stíg með fyrirhugaða stefnu yfir akbraut er ekki saknæmt í sjálfu sér og verður ekki séð að hann hefði mátt sjá greinilega að akstursstefna bifreiðar M gæti verið sú sem hún varð. Til upplýsinga verður einnig bent á að ekki er ljóst hvort bifreið M er tryggð með munatryggingu (kaskótryggingu) en þess ber að geta að skv. 1. mgr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 stofnast ekki skaðabótaskylda vegna tjóns sem munatrygging tekur til nema ákvæði 2. mgr. 19. gr. eigi við.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar S hjá V.

Reykjavík 16. desember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.